

REGLUGERÐ

71

12. apríl

um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindingapappír orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á eldspýtum og vindlingapappír skal vera 18% miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Reglugerð nr. 195 frá 28. nóv. 1942, um breyting á reglugerð nr. 140 frá 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

72

12. apríl

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum og rjólí skal vera 17% miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar, en á neftóbaki 20%. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 12. marz 1947 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.